# *Nr. 100 / 11 Karl Magnús SH 302*

## *Vélarbilun og dreginn til hafnar*

*Skipaskr.nr.* 1911
*Smíðaður:* Guernesey Englandi 1988, plast
*Stærð:* 10,3 brl. 14,7 bt.
*Mesta lengd:* 11,85 m *Skráð lengd:* 11,85 m
*Breidd:* 3,37 m *Dýpt:* 1,52 m
*Vél:* Ford Mermaid 188 kW, 1995
*Fjöldi skipverja:* 2

***Gögn:***
*Gögn RNS*



Karl Magnús©Þorgeir Baldursson

*Málið afgreitt á fundi 4. nóvember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í opinberu máli.*

### *Atvikalýsing:*

Þann 25. júlí 2011 var Karl Magnús SH 302 á siglingu á Breiðafirði. Veður: S gola

Verið var að sigla í bauju frá grásleppunetatrossu skammt norðan við Vesturboða í mynni Grundarfjarðar þegar mikill hávaði kom frá vélinni og hún stöðvaðist. Skipstjórinn óskaði eftir aðstoð og björgunarskipið Björg dró bátinn til hafnar á Rifi.

### *Við rannsókn kom fram:*

- að ekki var kannað hvað hefði bilað en skipt var um vél í bátnum.

### *Nefndarálit:*

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.